

Sp. 547. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um endurskoðun gildandi ákvæða um stuðning við íslenzka námsmenn.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða gildandi lög og reglur um stuðning ríkisins við íslenzka námsmenn í æðri skólum.

Stefnt verði að því að koma á námslaunakerfi svo fljótt sem við verður komið. Niðurstöður endurskoðunar verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það er nú orðið lýðum ljóst, að kjör þau, sem búin eru íslenzkum námsmönnum við æðri skóla, eru slík, að efnalausir nemendur, sem ekki njóta fjárhagslegrar aðstoðar ættmenna, eiga þess engan kost að ljúka þar námi.

Lögbundinn almennur stuðningur er nú einkum veittur í formi ferðastyrkja og fastra lána, sem fara lækkandi eftir því sem vinnutekjur hækka. Þetta þýðir í framkvæmd, að dugmikill, en efnalítill nemandi, sem sækir sumarvinnu af kappi, fær aðeins brot af þeirri fyrirgreiðslu, sem búin er hinum, sem ekki sinnir sumar- atvinnu, t. d. vegna þess, að hann á efnaða foreldra.

Það er ekki fræðilegur möguleiki, að íslenzkur námsmaður erlendis geti unnið það inn að sumrinu, sem á skortir, að námslánin endist fyrir árlegum kostnaði. Það er því ekki hæfni nemandans, heldur efnahagur aðstandenda, sem ræður því, hvort viðkomandi getur aflað sér æðri menntunar, því að útilokað má telja að fleyta sér á víxlum allan námstímann.

Námslánin í núverandi formi geta numið allt að 800 þús. krónum, þegar lokið er háskólanámi erlendis. Eins og launakerfi okkar er nú, er í mörgum tilvikum útilokað að standa undir greiðslum afborgana af námslánnum samhliða því að eignast eigin íbúð. Einnig að þessu leyti stefnir í blindgötu.

Af framanrituðu er ljóst, að endurskoðun á gildandi lögum og reglum um aðstoð við íslenzka nemendur í æðri skólum þolir enga bið. Í síðuðu þjóðfélagi hlýtur það að vera ófrávíkjanleg krafa, að hæfni ráði því, en ekki efnahagur, hverjir veljast til langskólanáms.